




LOFTSLAGSVÆNN
LANDBÚNAÐUR

TILBÚINN ÁBURÐUR
www.loftslagsvænnlandbúnaður.is

Tilbúinn áburður veitir plöntum nauðsynleg næringarefni. Hann er framleiddur í orkufrekum iðnaðarferlum með jarðefnaeldsneyti og hráefni úr ósjálfbærum náttúruauðlindum. Glaðloft (N_2O) er mjög öflug gróðurhúsalofttegund sem getur losnað við meðhöndlun og dreifingu tilbúins áburðar. Ábyrg notkun hans er því mikilvæg til þess að draga úr losun en jafnframt til þess að hámarka uppskeru ræktunarlands.



Loftslagsávinningur

Ábyrg notkun tilbúins áburðar getur dregið úr losun glaðlofts (N_2O) sem er öflug gróðurhúsalofttegund.

Glaðloft er öflugt ósoneyðandi efni sem veldur rýrnun á ósonlaginu í heiðhvolfinu en það verndar jörðina fyrir skaðlegum útfjólubláum geislum sólar.

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu, flutnings og notkunar á tilbúnum áburði minnkar með minni notkun.

Búrekstrarávinningur

Áburðarverð er hátt og því fjárhagslegur ávinningur af því að nota ekki meira af áburði en þarf.

Nákvæm notkun tilbúins áburðar hámarkar uppskeru af hverjum hektara ræktunarlands, eykur gæði og magn uppskerunnar og framleiðni búrekstrarins.

Minna land er tekið undir fóðurframleiðslu með nákvæmri dreifingu tilbúins áburðar.

Vistfræðiávinningur

Með ábyrgri notkun verður minni þörf fyrir ræktun á framræstu múrlendi sem verndar mikilvæg vistkerfi, auk þess að halda kolefnisforða í jarðvegi.

Með nákvæmri dreifingu tilbúins áburðar verður tap á næringarefnum út í náttúruleg vistkerfi minna.




GLAÐLOFT Í LANDBÚNAÐI

Gróðurhúsalofttegundin glaðloft (N_2O) er mjög skaðleg þar sem hún fangar 312 sinnum meiri hita í lofthjúpnum en koltvíoxíð. Hún er mjög langlíf og lifir í 100 ár í andrúmsloftinu og hlýnun sem hún veldur heldur áfram í nokkrar aldir til viðbótar eftir að hún er horfin.

Glaðloft verður til við loftfirrtar aðstæður þar sem bakteríur í jarðveginum umbreyta plöntunæringarefninu nitrati í glaðloft.

Aðstæður þar sem hættu er á myndun N₂O

- Of mikið borið á af köfnunarefnisáburði
- Jarðvegur of þéttur, súrefni kemst ekki að
- Mjög blautt yfirborð ræktunarlands
- Frost í jörðu
- Landið illa framræst
- Rangt súrustig jarðvegs miðað við kjörgildi



ÁBYRG NOTKUN TILBÚINS ÁBURÐAR

Ábyrg notkun tilbúins áburðar byggist á góðri áætlun og nákvæmri dreifingu. Markmiðið er að nota eins lítið af honum og hægt er til þess að hámarka uppskeru hvers hektara ræktunarlands.

Efnagreiningar á jarðvegi gefa mikilvægar upplýsingar um súrustig hans og forða af mikilvægustu plöntunæringarefnum.

Áburðaráætlun ákvarðar þarfir spildna fyrir næringarefni. Við gerð hennar er tekið mið af stærð spildna, jarðvegsgerð, aldri, ástandi ræktunar, notkun búfjáráburðar, efnagreiningum og uppskeru fyrri ára.

Rétt meðhöndlun. Fylgja reglugerðum um meðhöndlun áburðarefna og leiðbeiningum framleiðanda um geymslu og meðhöndlun.

Tímasetning dreifingar er mikilvæg til að áburðarefni nýtist sem best og til að minnka líkur á losun glæðlofts. Best er að bera á þegar jörð og gróður geta nýtt áburðarefni.

Nákvæm og vönduð dreifing næst með réttri stillingu dreifibúnaðar og nákvæmri áætlun áburðarmagns.

Skráning áburðarnotkunar og uppskeru er mikilvæg til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir um framtíð ræktunarspildna.

NÁKVÆMNISDREIFING

Markmið nákvæmnisdreifingar er að nýta áburðarefni eins vel og kostur er. Þar skipta þekking og færni bóndans og aðstæður á búi ásamt gæðum búnaðar, tímasetningu og veðuraðstæðum lykilmáli.



Veðurskilyrði

Bestu skilyrði til dreifingar eru í hæglætisveðri, helst logni. Ekki er æskilegt að dreifa áburði í rigningu.

Ástand túna

Gróandi skal vera kominn vel af stað, tún þurr og frost farið úr jörðu.

Ástand og stillingar dreifibúnaðar

Dreifibúnaður þarf að vera í lagi og vinna rétt. Mikilvægt er að tækið sé rétt stillt aftan í dráttarvél, dreifihæð frá jörðu rétt og halli dreifara sé réttur. Fylgja skal ráðleggingum framleiðanda um stillingar á dreifiuggum, magnstilli (opnun úr trektum) og snúningshraða dreifiskífu.

Áburðurinn

Hann á að vera kögglalaus, þurr og með nægilegan brotstyrk til þess að áburðardreifari skili kornum heilum á spildurnar.

Jaðardreifing/kantdreifing

Stilla á jaðardreifingu þegar borið er á ysta hring hvernar spildu. Jaðardreifing skilar réttum áburðarskammti á ystu hluta túnsins og minni líkur eru á að áburður lendi utan spildunnar. Áburður sem lendir í skurði eða utan túnjaðars nýtist ekki til uppskeru.

Vinnslubreidd

Vera með rétta vinnslubreidd við dreifingu þannig að korn fjölkorna áburðar dreifist jafnt. Of mikil vinnslubreidd getur komið niður á dreifigæðunum. Stillingu áburðardreifara er gott að sannreyna með bakkaprófi.


Skörun milli ferða

Ákveðin skörun þarf að vera á milli ferða. Nákvæmi dreifingar eykst til muna ef staðsetningartæki er notað á meðan dreift er. Þá er skörun jöfn og minni hættu á tvídreifingu.

Aksturshraði


Hann á að taka mið af ástandi lands, snúningshraða dráttarvélar og eiginleikum áburðarins til að renna úr dreifara. Hægt er að fá dreifara með rennslismæli sem aðlagar rennsli áburðar að aksturshraða.






BAKKAPRÓF

Bakkapróf er einföld aðferð til þess að komast að hversu jafnt áburðurinn dreifist um túnið. Það er góð leið til þess að ganga úr skugga um að dreifari sé rétt stilltur og áburðarkorn skili sér á rétta staði. Með bakkaprófi er bökkum af þekktri stærð raðað í beina línu, með jöfnu millibili. Dráttarvél er ekið með dreifara þvert á og áburði dreift yfir bakkana. Bakkapróf gefur ekki áreiðanlegar tölur um magn á hektara og er fyrst og fremst aðferð til þess að mæla vinnslubreidd og dreifingargæði miðað við stillingu.





LOFTSLAGSVÆNN LANDBÚNAÐUR